



Klifursamband Íslands

## LÍNUKLIFURSKORT

REGLUGERÐ OG VIÐMIÐ FYRIR FRAMKVÆMD  
LÍNUKLIFURSPRÓFA

1. útgáfa  
Apríl 2022

## Efnisyfirlit

Ákvæði um línuklifurskort	<b>1</b>
Próf fyrir línuklifurskort	<b>3</b>
Hæfnikröfur	3
Ábyrgð	3
Undirbúningur	4
Félagaskoðun	4
Klifur	4
Að tryggja	5
Samskipti og athygli	5
Próflok	6
Standist próftaki ekki próf	6
Próf fyrir leiðsluklifur	<b>7</b>
Að tryggja í leiðslu	7
Klifur	7
Skilmálar línuklifurskorta	<b>8</b>

# 1 Ákvæði um línuklifurskort

Með "línuklifurskort" er átt við skírteini sem sýnir að korthafi hafi staðist hæfnisprófi fyrir línuklifur.

1. Klifursamband Íslands sér um útgáfu, skráningu og regluverk þessara korta. Regluverk er unnið í samstarfi við sambærileg félög á Norðurlöndunum.
2. Prófdómari þarf að vera samþykktur til starfsins af KÍ og vera skráður í gagnagrunn KÍ með gild réttindi. Prófdómari þarf að hafa náð 23 ára aldri og að hafa setið námskeið um fyrstu hjálp.
3. Til að fá kort þarf að standast próf, lesa yfir og samþykkja með undirskrift þá skilmála sem um kortið gilda. Fyrir börn (yngri en 18 ára) þarf foreldri/forráðamaður að samþykkja skilmálana og skrifa undir á kortið (þetta þýðir að foreldri/forráðamaður þarf að vera til staðar þegar prófið fer fram eða að vera búinn að samþykkja fyrirfram, skilmálana sem um kortið gilda).
4. Almennt veitir kort aðgang að klifurveggjum í eigu aðila sem eru aðildarmeðlimir að fyrirkomulaginu. Umsjónaraðili veggjar getur sett eigin ákvæði til viðbótar þeim sem hér er kveðið á um.
5. Línuklifurskortíð sýnir að korthafi uppfyllir kröfur KÍ um þekkingu og hæfni til að stunda klifur á öruggan hátt í línuklifurvegg innanhúss. Þessi kort eru viðurkennd af öllum klifurfélögum undir og í samstarfi við Klifursamband Íslands. Gult kort stendur fyrir línuklifur þar sem tryggt er í ofanvaði. Rautt kort eru full réttindi sem gildir fyrir leiðsluklifur og klifur í ofanvaði.
6. Kort á ekki að veita börnum yngri en 13 ára. Börnum á aldrinum 13-18 ára sem sýna nægilegan þroska og öryggiskennd má veita kort, svo fremur sem að samþykki foreldris/forráðamanns liggja fyrir ásamt kláruðu prófi Þangað til barn verður 18 ára er það á ábyrgð foreldris/forráðamanns að viðhalda þekkingu og færni barnsins sem uppfylla skilmála þess að vera handhafi klifurkorts. Kort sem gefin eru út með þessum hætti detta sjálfkrafa úr gildi þegar barn nær 18 ára aldri. Við 18 ára aldur getur aðili tekið próf og skrifað sjálfur undir skilmálana.
7. Korthafi yfir 18 ára aldri má, að jafnaði, hafa með sér einn einstakling án korts og tryggja viðkomandi í þeirri tegund klifurs sem kortið nær yfir. Dæmi um þetta getur verið foreldri sem hefur með sér barn.
8. Klifrari sem er ekki handhafi korts má æfa sig í að tryggja ef annar einstaklingur (með kort) er með honum. Þetta skal alltaf tilkynna til umsjónarmanns veggjarins. Korthafi ber ábyrgð og skal halda með honum í bremsuhluta línunnar. Korthafinn

er þá ábyrgur fyrir því að tryggingin fari fram með ábyrgum hætti og að þeir sem eru án korts sé gert ljóst hvað felst í skilmálum kortsins.

9. Kort einstaklinga sem eru orðnir 18 ára þarf ekki að endurnýja en korthafanum ber skylda til að viðhalda þekkingu og færni sinni við í samræmi við það sem skilmálar korts einstaklingsins gera kröfu um. Þeir sem uppfylla ekki lengur skilmála kortsins að þessu leyti ættu að fara á námskeið eða leita sér þeirrar þekkingar sem þeir þurfa.
10. Ekki er gerð krafa um að þátttakendur á námskeiðum hafi kort. Leiðbeinandinn á námskeiðinu ber í þeim tilfellum ábyrgð á öryggi þátttakenda.
11. Glatist kort er hægt að fá nýtt kort hjá KÍ og greitt er fyrir það kortgjald.
12. Eigandi veggjar hefur leyfi til að segja til, áminna eða í alvarlegum tilvikum vísa klifurum á brott, jafnvel þó viðkomandi hafi kort.
13. Við gróf eða endurtekin brot á skilmálum korts eða vegna háttsemi sem stofnar eigin öryggi eða öryggi annarra í hættu getur KÍ, umsjónaraðili veggjar eða klifurleiðbeinandi svipt klifrara korti sínu. Í slíkum tilfellum þarf að tilkynna sviptinguna til KÍ með nafni og kortanúmeri klifrarans. Til að öðlast nýtt kort eftir sviptingu þarf viðkomandi að standast próf að nýju.

## 2 Próf fyrir línuklifurskort

Línuklifri er hér skipt í klifur þar sem tryggt er í ofanvaði og leiðsluklifur. Hægt er að taka próf fyrir línuklifur þar sem tryggt er í ofanvaði en það veitir ekki full réttindi. Þetta á við ef viðkomandi hefur ekki áhuga eða treystir sér ekki í að tryggja í leiðsluklifri. Til að fá full réttindi þarf að taka próf í leiðsluklifri. Þá þarf próftaki að þekkja það sem kemur fram í viðauka um leiðsluklifur til viðbótar. Áður en próftaki fær í hendurnar línuklifurskort þarf viðkomandi að standast próf til að sýna fram á þá þekkingu og færni sem þarf til að tryggja á öruggan hátt.

Í klifurprófunum sýna klifrarar að þeir hafi þá þekkingu og tryggingarfærni sem þarf til að geta tryggt með öruggum hætti á innanhússklifurveggjum. Prófið gengur út á að klifrarar sýni fram á það munnlega og verklega fyrir prófdómara. Prófið er sett upp sem klifur þar sem próftakinn hefur til nauðsynlegan búnað fyrir sjálfan sig og annan klifrara, framkvæmir félagaskoðun, tryggir annan klifrara og lætur hann síga niður.

Klifrurum er velkomið að þreyta prófið í þörum, þ.e. annar klifrar á meðan hinn tryggir og svo öfugt. Félagaskoðun þarf að framkvæma í hvert skipti sem skipt er um tryggjara/klifrara. Samþykktum og öruggum aðferðum er lýst í kaflanum “Að tryggja” hér að neðan. Klifrarar sem koma með eigin búnað ættu að nota hann.

Öll viðurkennd tryggingartól með hjálparbremsu eru leyfð í prófinu. Prófdómari þarf að athuga hvort réttu handbragði sé beitt m.t.t. þess tryggingartóls sem er notað. Ath. þetta þýðir að prófdómari þarf að vera kunnugur því tryggingartóli sem er notað. Alltaf skal hafa lokað grip um bremsuhluta línunnar.

### 2.1 Hæfnikröfur

Próftaki þarf að sýna eftirfarandi hæfni og þekkingu til þess að fá línuklifurskort.

#### 2.1.1 Ábyrgð

Próftaki þarf að þekkja til skynsemissreglnanna í klifri og skilja meginmerkingu ábyrgðar. Klifrarar bera ábyrgð á eigin framkomu og þurfa að skilja sameiginlega ábyrgð á öryggi félaga og annarra klifrara á staðnum.

Skynsemissreglurnar eru eftirfarandi:

- Sýna tillitsemi til allra sem eru á og við vegginn.
- Sýna byrjendum þolinmæði og hjálpsemi.
- Láta vita á kurteisán hátt ef við sjáum eitthvað sem gæti skapað hættu.

- Gerir sér grein fyrir að línuklifur er í eðli sínu hættulegt (þó svo að líkurnar séu litlar geta afleiðingarnar verið alvarlegar).
- Virðir mikilvægi öryggisreglna.
- Virðir mikilvægi félagaskoðunnar.
- Fer eftir settum húsreglum.
- Spyr ef það er eitthvað óljóst.
- Skapa ekki hættu fyrir sig og aðra.

### 2.1.2 Undirbúningur

Próftaki þarf að þekkja ástand og endingartíma búnaðar sem notaður er. Próftaki þarf að skilja hvað þarf til til að topp-akkeri teljist fullnægjandi og öruggt. Topp-akkeri telst öruggt ef það hefur tvo tengipunkta í vegginn og læsta karabínu. Ef það er ekki læst karabína þarf að minnsta kosti tvær karabínur.

Mikilvægt er að fara rétt í klifurbeltið (samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðenda) og athuga að sylgur séu bakþræddar. Varast skal að vera í flík sem skyggir á klifurbelti eða getur flækst í tryggingartóli. Ef tryggjari er með sítt hár skal það vera þannig frá gengið að það geti ekki flækst í tryggingartóli. Próftaki skal bakþræða áttuhnút (viðurkenndur hnútur af UIAA) með réttum hætti í beltið (samkvæmt framleiðenda beltisins). Athuga skal að laus endi línunnar hafi öruggan stopphnútt sem getur ekki dregist í gegnum tryggingartólið. Tryggingartól skal sett á með réttum hætti (samkvæmt framleiðenda) og notuð skal læst karabína.

### 2.1.3 Félagaskoðun

Félagaskoðun þarf að framkvæma áður en klifur hefst og við hver skipti á klifrara/tryggjara. Skoða þarf belti, innbindingu og tryggingartól. Einnig skal ganga úr skugga um að karabínur séu læstar og að endi línu sé tryggður. Próftaki skal yfirfara eigin þætti áður en hann hefur félagaskoðun. Félagaskoðun skal framkvæma þannig að prófdómari sjái eða heyri að próftaki fari yfir öll atriði. Félagaskoðun er athugun á eftirfarandi öryggisbúnaði:

- Klifurbeltið (öll ofantalin atriði í kafla 2.1.2)
- Tryggingartólið (öll ofantalin atriði í kafla 2.1.2)
- Línan (öll ofantalin atriði í kafla 2.1.2)

### 2.1.4 Klifur

Ekki er nauðsynlegt að próftaki klifri sjálfur í línu til að standast prófið. Nauðsynlegt er þó að próftaki sýni, með klifri eða munnlega, að hann skilji þá þætti sem eru mikilvægir fyrir öruggt klifur í línu. Próftaki þarf að skilja þá hættu sem getur stafað af pendúlfalli út

frá veggnum og hliðlægu pendúlfalli. Þá er mikilvægt að tryggjari láti klifrara vita af villu sem klifrari gerir sem gæti orsakað hættu. Klifrari þarf að taka fall í prófinu til að tryggjari fái tækifæri til að sýna fram á færni í að grípa fall.

### 2.1.5 Að tryggja

Eftirfarandi atriði er mikilvægt að hafa í huga:

- Rétt handbragð við að gefa og taka inn línu (handbragð viðurkennt af framleiðanda tryggingartóls).
- Gefa eða taka inn slaka í takt við klifrara þannig að línan togi ekki í klifrarann.
- Alltaf að hafa bremsuhönd á bremsuhluta línunnar.
- Lágmarka tíma með bremsuhönd fyrir ofan tryggingartól.
- Varast að halda um tryggingartól þannig að það geti ekki læst sér.
- Leitast við að standa upp við vegginn og nálægt fyrsta tengipunkti við vegginn.
- Leitast við að hafa engan slaka á línunni (án þess að trufla klifrarann) fyrstu 2 til 3 metra frá gólfi, eftir aðstæðum.
- Hafa öruggan slaka miðað við staðsetningu á vegg.
- Hafa öruggan slaka með hættu á pendúlfalli í huga.
- Vera ávallt viðbúinn að grípa stutt fall klifrara sem dettur í línuklifri.
- Vera viðbúin að klifrari taki hvíld á veggnum vegna þreytu og að láta klifrara síga niður með öruggum hætti þó hann klifri ekki upp að akkeri.
- Þekkja notkun á akkeri.
- Læsanleg karabína skal alltaf vera læst.
- Aldrei skal ónotuð lína liggja í sömu karabínu eða hring í akkeri með línu sem verið er að klifra eða síga í.
- Klifrara skal sigið niður á öruggum hraða þannig að klifrara líði vel og ekki sé hætta á að tryggingartól hitni óþarflega mikið.

### 2.1.6 Samskipti og athygli

Klifrari og tryggjari skulu eiga virk og skýr samskipti allan tímann. Sem dæmi má nefna:

- Við upphaf klifurs, hvor aðili gerir hinum ljóst að hann sé tilbúinn.
- Á meðan klifrað er, þegar aðstæður krefjast samskipta.
- Augnsamband áður en klifrara er sigið niður (ef það er mögulegt).
- Tryggjari á að láta vita ef klifrari gerir eitthvað sem gæti skapað hættu (t.d. mögulegt pendúlfall)

Klifrari og tryggjari eiga að sýna af sér örugga hegðun á og við vegginn með því að:

- Halda einbeitingu og tryggjari skal hafa óskerta athygli á klifrara.



- Ekki trufla aðra eða láta aðra trufla sig þegar verið er að undirbúa klifur og á meðan á því stendur.
- Ekki vera á fallsvæði klifrara.
- Vera meðvitaður um hugsanlegt pendúlfall.
- Vera rólegur og agaður í framkomu.

## 2.2 Próflok

Prófið endar á því að próftaki les yfir skilmála kortsins og gengst við þeim með undirskrift. Í prófinu er verið að kanna þekkingu og hæfni til að tryggja. Þess vegna er ekki gerð krafa um að próftaki klifri sjálfur eða geti klifrað einhverja ákveðna gráðu.

Ef gloppur eru í þekkingu eða færni við að tryggja sem geta skapað hættu öðlast próftaki ekki kort. Gerist það mun prófdómari ráðleggja próftaka hvaða undirbúning þarf til að ná prófi, til dæmis að fara á námskeið eða æfa sig meira með reyndari klifrurum. Við minniháttar villum má afhenda próftaka kort ef viðkomandi skilur villuna og leiðréttir eftir ábendingu.

### 2.2.1 Standist próftaki ekki próf

Próftaka er ekki heimilt að endurtaka prófið samdægurs en er ráðlagt að ráðfæra sig við prófdómara, KÍ eða þjálfara í sínu félagi. Velkomið er að taka prófið aftur síðar í samræmi við samkomulag við einn af áðurnefndum aðilum.

## 3 Próf fyrir leiðsluklifur

Til að fá full línuklifurréttindi þarf próftaki að sýna eftirfarandi færni og þekkingu:

### 3.1 Að tryggja í leiðslu

- Rétt staðsetning við vegginn og öruggur slaki á línu.
  - Standa nálægt fyrstu tryggingu og nálægt veggnum nema það skapi hættu.
  - Haga slaka línu í samræmi við staðsetningu klifrara miðað við síðustu tryggingu.
    - Hafa lítinn slaka á línu fyrstu metra klifursins svo ekki sé hættu á að hann falli til jarðar.
    - Hafa meiri slaka á línu þegar óhætt er miðað við staðsetningu klifrara til þess að mýkja fall hans og minnka hættu á pendúlfalli.
- Að grípa stutt fall klifrara sem dettur í leiðsluklifri.
  - Tryggjari beiti sér þannig að fall klifrara verði sem mýkst miðað við aðstæður.
  - Þekkja muninn á falli í ofanvaðsklifri og í leiðsluklifri.
  - Hafa í huga hvort það sé hættu á að klifrari falli á fyrirstöðu neðan við hann og þarf tryggjari að vera reiðubúinn að bregðast við með því að taka slakann inn hratt.
    - Slakann er hægt að taka inn með því að draga hann hratt í gegnum tryggingartól.
    - Slakann er hægt að taka inn með því að stíga eitt eða fleiri skref aftur á bak.

### 3.2 Klifur

Próftaki þarf ekki að klifra í leiðslu til þess að standast prófið en verður að sýna fram á, verklega eða munnlega, kunnáttu til að klifra í leiðslu með öruggum hætti. Atriði sem þurfa að koma fram eru:

- Hæfileg hæð þegar línunni er klippt í.
- Að klippa rétt í tvista þannig að línunni fari í gegnum neðri karabínu tvistsins og klifurendi línunnar fari út frá veggnum.
- Þekkja hættuna á að Z klippa.
- Þekkja hættuna við að klifra með línuna fyrir aftan fót eða hæl.

## 4 Skilmálar línuklifurskorta

Með undirskrift hér að neðan staðfestir próftaki að hann hafi kynnt sér og samþykki eftirfarandi skilmála:

- Klifur getur verið hættulegt og er stundað á eigin ábyrgð.
- Það er ábyrgð undirritaðrar að viðhalda þekkingu með reglulegri iðkun eða fara á námskeið til upprifjunar.
- Þú tekur fulla ábyrgð á eigin gjörðum á og við klifurvegginn.
- Þú tekur ábyrgð á að búnaðurinn þinn sé yfirfarinn og í lagi.
- Hvorki eigandi veggjarins, umsjónaraðili né starfsfólk hans eru ábyrg fyrir óhöppum og slysum á eða við klifurvegginn. Þú þarft að fylgja reglum KÍ um öruggt klifur á meðan þú ert á og við vegginn.
- Þú átt að gera þitt besta til að passa upp á eigið öryggi og öryggi annarra á og við vegginn.
- Þú átt að fylgja leiðbeiningum starfsmanna þegar þú nýtir aðstöðu til línuklifurs.
- Þú átt að biðja um aðstoð ef þú ert í vafa um notkun búnaðar eða veggjarins.
- Við endurtekin brot á skilmálum eða öðrum reglum sem varða öryggi við klifurvegg má svipta klifrara korti sínu.
- Slysáttryggingar sem gilda yfir klifurslys eru á eigin ábyrgð að útvega.
- Vankantar á vegg sem ógna öryggi á að tilkynna strax til starfsfólks veggjarins.
- Ef þú, sem korthafi, lætur einhvern sem ekki á kort tryggja undir þinni tilsýn eru allir aðilar á þína ábyrgð.

Gerð korts:

Tryggt í ofanvaði

Dagsetning \_\_\_\_\_

Leiðsluklifur

Númer korts \_\_\_\_\_

Próftaki

Kt.

---

Prófdómari

Kt.

---

Félag prófdómara

---